

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 14:00 mánudaginn 16. mars 2020 - fjarfundur

Mættir stjórnarmenn: Baldvin Esra Einarsson, Viggó Jónsson, Edda Hrund Guðmundsdóttir, Arngrímur Arnarson, Tómas Árdal og Sigurður Líndal.

Áheyrnarfulltrúar: Axel Grettisson og Álfhildur Leifsdóttir boðuðu forföll.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir, Halldór Óli Kjartansson

## Dagskrá:

### Viðbrögð MN vegna Covid-19

#### Áhrifin á ferðaþjónustuna

- Bókanir fyrir sumarið voru í takt við síðasta ár en hlutir eru fljótir að breytast.
- Afbókanir fóru að berast að fullum krafti síðastliðinn fimmtudag þegar að Bandaríkin tilkynntu um ferðabann.
- Stærri hópar sem eru þó á ferðinni eru allt að 90% minni.
- Verið að framkvæma eitthvað af ferðum þessa vikuna en útlit fyrir að það verði ekki mikið gert fram að páskum.
- Veitingarekstur er þyngr en gisting og er strax farinn að minnka töluvert.
- Verið er að afbóka mest það sem á að framkvæma næsta mánuði eða tvo.
- Það er óvissa með skólahópa sem eru að ferðast á þessum tíma og fram að sumri.
- Lokað verður fljótlega í einhvern tíma.
- Mikilvægt að þær lausnir sem koma frá hinu opinbera séu aðgengilegar.
- Staðan er þung og það er mikilvægt að skoða lausnir. Fiskvinnsla hefur það verkfæri að fólk fer á atvinnuleysisbætur ef ekki er til hráefni, svipað fyrirkomulag væri hægt að nýta í ferðaþjónustu.
- Það er mjög mikilvægt að ferðamenn komi í júlí svo að tekjustofnar falli ekki alveg.
- Brot á skilmálum bóknarfyrirtækja er að hafa áhrif og skekkja tekjumyndun.
- Fyrirtæki sem eru á köldum svæðum og hafa fjárfest eru í vanda. Það er búið að vera vont ferðaveður í vetur í ofanálag.
- Bankar eru búnir að vera lokaðir lengi hvað varðar lausafé til láns og það hefur haft sín áhrif.

#### Tillögur að úrræðum:

Arnheiður telur upp tillögur sem MAS setti niður á blað.

Að tala á þann hátt að hlutir munu lagast. Ekki hafast við í þeirri orðræðu að það sé í lagi að fyrirtæki verði gjaldþrota.

Atvinnuþryggingar gætu tekið allt að 30 daga á sig ef það vantar ferðamenn í takti við aðgerðir í tengslum við fiskvinnslufyrirtæki. Ferðaþjónustan vill sitja við sama borð.

Mikilvægt að miðla þeim upplýsingum sem tengjast ferðaþjónustu beint og sérstaklega þær lausnir sem verða til vegna fyrirtækja í vanda.

Velta upp hvernig er hægt að komast á móts við fyrirtæki sem eru bundin fjárfestingum sem almennt eru ekki vandamál en í dag er geta gert það verkum að fyrirtæki eru ekki lífvænleg. Lausafé verður þá ekki til staðar svo hægt sé að þjónustu viðskiptavini og sækja tekjur þegar að ástandið líður hjá.

Mikilvægt að hafa fjármagn til þess að koma tækjum í vinnu svo að hægt sé að ná í tekjur. Mikilvægt að taka fram að það eru allir að verða fyrir tekjutapi. Þetta þýðir að ferðalög munu minnka vegna þess að minna fjármagn verður til hjá einstaklingum. Í því ljósi að skoða tímasetningu á herferð varðandi sókn á erlenda markaði.

Róttæk hugmynd að frysta allt í 3 mánuði. Taka þessa mánuði úr bókhaldi varðandi allan kostnað.

Mikilvægt að vera varkár í áætlunum varðandi mögulegan fjölda sem gæti komið í sumar.

Hvað varðar fyrirtæki beint:

Færri ferðir.

Ekki ráðið sumarstarfsfólk.

Lokað tímabundið.

### **Aðgerðir innanhúss**

Arnheiður kynnir hvað er verið að gera innanhús.

### **Önnur mál**

Ástandið hefur ýtt undir jákvæða orðræðu um mikilvægi ferðapjónustu hjá ríkinu.

Áætlað að fara í innanlands átak sem FMS sér um á næsta leiti. MAS taka þátt eins og kostur er.

Áætlað að fara í erlent átak þegar að rétt tímabilið kemur. Áætlað er að setja yfir 1 milljarð kr. í það verkefni.

Booking og Expedia hefur verið að breyta skilmálum samninga einhliða og kemur það niður á ferðapjónustunni. Þessi stóru alþjóðlegu fyrirtæki eru að vernda sína kúnna á kostnað minni aðilanna. SAF hefur sent út póst á fyrirtæki varðandi kröfur sem þessar.